

FERÐAÞJÓNUSTA Í TÖLUM

- Sumar 2021

Erlendir ferðamenn um Keflavíkurflugvöll


Brottfarir erlendra farþega sumrið 2021 (júní-ágúst)¹

	% af brottförum	Fjöldi	Breyting* frá	
			2020	2019
Heildarfjöldi		304.371	164%	-55%
<i>10 stærstu þjóðernin*</i>				
Bandaríkin	43%	130.277	9232%	-31%
Þýskaland	9%	26.549	26%	-54%
Pólland	7%	21.425	74%	-25%
Frakkland	5%	14.311	90%	-64%
Bretland	5%	13.806	121%	-59%
Ítalía	4%	12.615	45%	-42%
Ísrael	3%	9.004	33249%	74%
Danmörk	3%	8.659	-46%	-51%
Eystrasaltslöndin	2%	6.962	212%	-32%
Spánn	2%	6.923	78%	-71%

*Samanlagt voru tíu stærstu þjóðernin 83% af heild.


**Samanburður tekur mið af tímabilinu júní-ágúst 2020/'21 og 2019/'21.

Brottfarir eftir markaðssvæðum sumarið 2021 (júní-ágúst)¹




Erlendir ferðamenn að sumri til 2017-2021

Brottfarir erlendra farþega að sumri (júní-ágúst)¹



Brottfarir 5 stærstu þjóðerna 2021 – þróun síðustu 5 ára¹



Tilgangur Íslandsferðar og dvalarlengd ferðamanna

Megintilgangur sumarið 2021²

	% af brottförum	Fjöldi*
Frí	90%	274.543
Heimsókn til vina/ætt.	4%	12.784
Viðskiptatengt	2%	7.001
Heilsutengt, nám o.fl.	2%	4.870
Tímabundin vinna	1%	2.739
Dvöl á gistingar	1%	2.435

*Fjöldatölur eru uppreiknaðar út frá talningum á Keflavíkurflugvelli.


Dvalarlengd sumarið 2021²

	Meðalfjöldi gistinóttu	Breyting* frá	
		2020	2019
Meðaldvalarlengd	9,1	-20%	17%
Bandaríkin	8,1	-	37%
Þýskaland	11,0	-14%	6%
Pólland	8,3	-16%	1%
Frakkland	10,1	-21%	3%
Bretland	7,8	-17%	15%
Ítalía	10,9	-6%	20%
Ísrael	11,9	-	3%
Danmörk	9,9	9%	38%
Eystrasaltslöndin	8,2	-	5%
Spánn	11,0	0%	15%


*Samanburður tekur mið af tímabilinu júní-ágúst 2020/2021 og 2019/2021.

Heimsóknir erlendra ferðamanna eftir landshlutum

Hvaða landshluta heimsóttu ferðamenn sumarið 2021²



Í hvaða landshluta gistu ferðamenn sumarið 2021²




Gistinætur á Íslandi að sumri

Skráðar gistinætur júní-ágúst 2021³

	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóttanna	Breyting frá 2020 2019	
Gistinætur alls		2.662.950	58%	-24%
Hótel	38%	1.008.393	104%	-31%
Gistiheimili	17%	456.608	51%	-20%
Önnur gisting	45%	1.197.949	34%	-20%


*Samanburður tekur mið af tímabilinu júní-ágúst 2020/2021 og 2019/2021.

Gistinætur í skráðri gistingu eftir mánuðum 2021³




Gistinætur á Íslandi í skráðri gistingu að sumri 2017-2021

Gistinætur útlendinga að sumri (júní-ágúst)³



Gistinætur Íslendinga að sumri (júní-ágúst)³



Gistinætur á hótélum

Gistinætur á hótélum júní – ágúst 2021³

	% af hótél-gistinóttum	Fjöldi gistinóttanna	Breyting frá 2020 2019	
Hótelnætur alls		1.008.393	104%	-31%
Íslendingar	32%	327.560	9%	182%
Útlendingar	68%	680.833	252%	-49%
-Bandaríkin	30%	300.572	4630%	-30%
-Þýskaland	8%	79.931	62%	-48%
-Bretland	4%	43.674	236%	-52%
-Ísrael	4%	38.177	25183%	72%
-Frakkland	3%	33.809	-138%	-48%

Framboð á herbergjum á hótélum og herbergjanýting

Framboð á herbergjum á hótélum júní-ágúst 2021³

	Landið allt			Höfuðborgarsvæðið		
	Fjöldi 2021	Breyting* frá 2020 2019		Fjöldi 2021	Breyting* frá 2020 2019	
Júní	8.913	7%	-19%	3.277	5%	-37%
Júlí	9.738	15%	-12%	3.944	25%	-24%
Ágúst	10.178	17%	-9%	4.363	23%	-18%

*Samanburður tekur mið af júní, júlí og ágúst 2020/2021 og 2019/2021.

Herbergjanýting á hótélum júní-ágúst 2021³


	Landið allt			Höfuðborgarsvæðið		
	Nýting 2021	Breyting* frá 2020 2019		Nýting 2021	Breyting* frá 2020 2019	
Júní	40,1%	93%	-44%	44,8%	273%	-42%
Júlí	69,6%	47%	-14%	67,8%	96%	-15%
Ágúst	76,3%	110%	-8%	78,0%	173%	-8%

*Samanburður tekur mið af júní, júlí og ágúst 2020/2021 og 2019/2021.


Herbergjanýting eftir landshlutum júní-ágúst 2021³

Breyting milli ára a) 2020-21, b) 2019-21


Júní



Júlí



Ágúst



Heimildir

¹Ferðamálastofa og Isavia: Brottfarartalningar á Keflavíkurflugvelli 2019-2021. Um er að ræða talningu, byggða á úrtaksaðferð, á farþegum á leið úr landi áður en komið er inn á brottfararsvæði og ber að skoða tölurnar með þeim fyrirvörum sem aðferðafræðin felur í sér.

²Ferðamálastofa: Landamærakönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands á Keflavíkurflugvelli 2019-2021. Könnunin lá niðri í júní 2020 vegna Covid.

³Hagstofa Íslands: Gistinóttatalningar 2019-2021. Um er að ræða bráðabirgðatölur fyrir 2021. Með skráðum gistinóttum er átt við gistinætur hjá rekstraraðilum sem eru skráðir í gistináttagnunni Hagstofunnar.

Ferðapjónusta í tölum, sumar 2021 - samantekt

Í samantektinni Ferðapjónusta í tölum – sumar 2021 má sjá samantekt um brottfarartalningar erlendra farþega frá landinu um Keflavíkurlugvöll, skráðar gistinætur, nýtingu á hótelum og nokkrar niðurstöður er varða dvöl ferðamanna á Íslandi s.s. um tilgang ferðar, dvalarlengd, heimsóknir eftir landshlutum sem og upplifun af Íslandsferð.

Um 304 þúsund erlendir ferðamenn í sumar

Um 304 þúsund erlendir ferðamenn* komu til landsins um Keflavíkurlugvöll síðastliðið sumar, tæplega þrefalt fleiri en í fyrrasumar (2020). Leita þarf níu ár aftur í tímann eða til ársins 2012 til að finna hliðstæðan fjölda ferðamanna að sumri til. Fjöldinn mældist mestur á árunum 2017 til 2019 eða á bilinu 680 til 800 þúsund.

Bandaríkjamenn voru langfjölmennastir ferðamanna í sumar, 130 þúsund talsins eða um 40% af heildarfjölda sem er gjörbreyting frá því í fyrrasumar þegar eitt þúsund Bandaríkjamenn heimsóttu landið. Á árunum 2017 til 2019 heimsóttu árlega um og yfir 200 þúsund Bandaríkjamenn landið yfir sumarmánuðina. Þjóðverjar voru í öðru sæti í sumar, tæplega 27 þúsund talsins eða um 5 þúsund fleiri en í fyrrasumar og ríflega 30 þúsund færri en sumarið 2019. Í þriðja til fimmta sæti voru Pólverjar, Frakkar og Bretar. Ísraelar náðu óvænt inn á lista yfir tíu fjölmennustu þjóðernin í sumar en stórir ferðahópar komu til landsins í beinu flugi frá Ísrael.

Langflestir eða um níu af hverjum tíu ferðamönnum voru í fríi á Íslandi í sumar. Um 4% voru í heimsókn hjá vinum og ættingjum og um 2% í viðskiptatengdum tilgangi. Um 6% voru í annars konar tilgangi.

Meðalfjöldi gistinotta um níu nætur

Breytt ferðamynstur vegna Covid-19 faraldursins hefur annað árið í röð skilað sér í langri dvalarlengd erlendra ferðamanna hérlendis en þeir dvöldu að jafnaði um 9,1 nótt síðastliðið sumar. Um er að ræða ívið styttri dvalarlengd en í fyrrasumar (11,3 nætur), en mun lengri þegar horft er til sumarsins 2019 (7,8 nætur).

Bandaríkjamenn sem vega þyngst vegna hárrar hlutdeildar dvöldu að jafnaði 8,1 nótt eða 2,2 fleiri nætur en þeir gerðu sumarið 2019. Af tíu fjölmennustu þjóðernunum voru Ísraelar, Þjóðverjar og Spánverjar með lengstu dvalarlengdina eða um og yfir ellefu nætur.

Tvær af hverjum fimm gistinóttum í skráðri gistingu

Nærri tveimur af hverjum fimm gistinóttum í skráðri gistingu samkvæmt gistináttagrunni Hagstofunnar var eytt á hótelum, um 17% á gistiheimilum og tæplega helming í annars konar gistingu. Samtals mældust skráðar gistinætur síðastliðið sumar tæplega 2,7 milljón talsins eða um 58% fleiri en í fyrrasumar (2020) og um fjórðungi færri en sumarið 2019 þegar þær mældust 3,5 milljón talsins.

Um 55% gistinotta í skráðri gistingu eða tæplega 1,5 milljón talsins voru tilkomnar vegna erlendra ferðamanna. Um 44% gistinotta erlendra ferðamanna var varið í ágúst, 39% í júlí og 18% í júní.

Gistinætur Íslendinga

Gistinætur Íslendinga mældust um 1,2 milljón talsins síðastliðið sumar og er þetta annað sumarið í röð þar sem gistinætur þeirra fara yfir eina milljón. Fjöldi gistinotta landsmanna síðastliðin tvö sumur endurspeglar hversu duglegir þeir hafa verið að ferðast innanlands á tímum kórónuveirufaraldursins en sumrin 2017 til 2019 voru Íslendingar að eyða rétt innan við 600 þúsund gistinóttum innanlands. Um 44% gistinotta var eytt í júlí, 38% í ágúst og 19% í júní.

Munur á hótelnýtingu eftir landshlutum

Gistinætur á hótelum voru um ein milljón talsins sumarið 2021 eða um 38% af skráðum gistinóttum. Sjö af hverjum tíu voru tilkomnar vegna erlendra ferðamanna og voru gistinætur þeirra meira en þrefalt fleiri en í fyrrasumar (2020). Þegar gistinætur erlendra ferðamanna á hótelum síðastliðið sumar eru hins vegar bornar saman við 2019 má sjá að þær voru um helmingi fleiri 2019 eða um 1,3 milljón talsins.

Mest var framboð herbergja á landsvísu í ágúst á nýliðnu sumri, tæplega 10.200 herbergi, eða 91% af framboðnum herbergjum sumarið 2019. Í júlí var framboðið um 9.700 herbergi eða 88% af herbergjum í boði sumarið 2019 og í júní 8.900 herbergi eða 81% af þeim herbergjafjölda sem í boði var sumarið 2019.

Þegar horft er til nýtingar á hótélherbergjum yfir sumarmánuðina 2021 má sjá verulegan mun eftir mánuðum og eftir landshlutum. Hæst var nýtingin á landsvísu í ágúst mánuði eða 76%, en nýtingin mældist hæst á Austurlandi (83%), Norðurlandi (79%) og á höfuðborgarsvæðinu (78%). Lægst var nýtingin í júní eða um 40% á landsvísu og fór hún niður fyrir 35% í tveimur landshlutum, á Suðurlandi (34%) og Austurlandi (28%).

* Fjöldatölur taka mið af brottfarartalningum Ferðamálastofu og Isavia á Keflavíkurlugvelli og ber að skoða tölurnar með þeim [fyrirvörum](#) sem aðferðafræðin felur í sér

